

hvoru um sig að greiða kostnaðinn af varðhaldi sínu, en allan annan málskostnað, þar á meðal málsfærslulaun til svaramanns þeirra í hjeraði 10 kr., og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 12 kr. til hvors um sig, greiði þau in solidum. Málið hefur fyrir undirrjettinum verið rekið með tilhlýðilegum hraða, en yfirdómurinn hlýtur að taka það fram, að hann álitur það aðfinningarvert, að undirdómarinn hefur, þar sem ekki var um meiri sök að tefla, haldið hinni ákærðu Rannveigu í varðhaldi frá því byrjað var á prófunum allan þann tíma, sem á rekstri málsins stóð.

Fyrir yfirdóminum hefur sókn og vörn málsins verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærðu, Rannveig Jóhannesdóttir og Eyþór Felixson, eiga að vera sýkn af ákærum sóknarans í þessu máli. Hinum ákærðu ber hvoru um sig að greiða kostnaðinn af varðhaldi sínu; allan annan kostnað af málinu, og þar á meðal málsfærslulaun til sóknara fyrir yfirdóminum, Guðmundar Pálssonar, 12 kr. og til svaramanns þeirra fyrir yfir og undirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 22 kr., greiði hin ákærðu in solidum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna eptir lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 14/1878 Síra Sigurgeir Jakobsson
 gegn

Hreppsnefndinni í Arnarneshrepp.

Dómur:

Með landsyfjrrjettarstefnu dags. 24. júlí þ. á. hefur presturinn Sigurgeir Jakobsson á Grund áfrýjað til

yfirdómsins dómi gengnum fyrir aukarjetti Eyjafjarðar-sýslu hinn 5. dag aprílmán. þ. á., með hverjum hann er dæmdur til að greiða Arnarneshrepp 413 kr, sem sje, endurgjald fyrir það, sem kvað hafa verið lagt hjónunum Inggjaldi Halldórssyni og Guðlaugu Gísladóttur úr nefndum hreppi, en þau hjón er talið að áfrýjandinn hafi gegn lögum gefið í hjónaband haustið 1873, með því konan, áður en hún giptist Inggjaldi, sem á framfæri í Arnarneshrepp, hafi þegið sveitarstyrk úr Saurbæjarhreppi, sem hafi verið óendurgoldinn, þegar áfrýjandinn gaf þau hjón saman.

Hefur áfrýjandinn hjer fyrir rjettinum krafizt principaliter, að hinn áfrýjandi dómur verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá rjetti, en subsidialiter, að hann verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum Arnarneshrepps í þessu máli, og að mótparturinn verði, hvernig sem fer, skyldaður til að greiða honum málskostnað með einhverju nægilegu. Mótparturinn hefur hvorki mætt nje mæta látið hjer fyrir rjettinum.

Með tilskipun 15. ágústmán. 1832, 10. gr. er undirdómaranum gjört að skyldu að leiðbeina málsþörtunum, það er, hann á, eins og komizt er að orði í tilskipuninni: «að stýra þeirra innbyrðis viðskiptum, að málið tilhlýðilega upplýsist, og sjer í lagi á hann að leiðbeina málsþörtunum til að gefa vissar, skilmerkilegar og sannorðar skýrslur um þær kringumstæður, undir hverjum saksóknarinnar gildi er komið og til að útvega þær bevisingar, sem í neitunartilfelli eru nauðsynlegar».

Af undirrjettardómsgjörðunum í máli þessu er það ljóst, að undirdómarinn alls ekki hefur gætt þessarar skyldu sinnar, og var þó því fremur tilefni fyrir hann til að gjöra það, sem hið svo nefnda rjettarskjal, er kom fram af hendi áfrýjandans fyrir aukarjettinum, 20.

marts þ. á., ber þess ljósan vott, að áfrýjandinn ekki hafði neina hugmynd um að gæta rjettar síns, og að því var full þörf á að honum væri leiðbeint til þess að koma fram með mótbárur sínar gegn skuldakröfu Arnarneshrepps eins og líka í málinu yfir höfuð.

Verður samkvæmt framan sögðu því ekki komizt hjá að dæma undirrjettardóminn í máli þessu ómerkan og að vísa málinu heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar þannig, að undirdómarinn komi málinu í samt lag og það var 20. marts þ. á., áður en það var tekið upp til dóms, og leiðbeini síðan áfrýjandanum til að koma fram með mótbárur sínar gegn skuldakröfu mótpartsins, svo og til að útvega þau sönnunar skírteini, er málsfærsla mótpartsins kann að gefa tilefni til, eins og líka í málinu yfir höfuð.

Málskostnaður fyrir yfirdóminum virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins í þessu máli á ómerkur að vera og vísa málinu heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar þannig, að undirdómarinn komi málinu í samt lag og það var 20. marts þ. á. áður en það var tekið undir dóm, og leiðbeini síðan áfrýjandanum til að koma fram með mótbárur sínar gegn skuldakröfu mótpartsins og til að útvega þau sönnunar gögn, sem málsfærsla mótpartsins kann að gefa tilefni til, eins og líka í málinu yfir höfuð.

Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.